

Ed.

113. Nefndarálit

[48. mál]

um frv. til laga um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Stjórnarfrumvarp þetta felur í sér fyrirmæli um stórfellda röskun á efnahagslífi þjóðarinnar. Enn fremur eru í því ákvæði um heimildir handa ríkisstjórninni til einræðislegra ráðstafana. Með tillögunum um heimildirnar er ætlað til, að Alþingi afsali til ríkisstjórnarinnar löggjafarrétti í mikilsverðum atriðum, — og fari inn á flughálar brautir til skerðingar á þingræði.

Í athugasemdum, sem ríkisstjórnin lætur fylgja frumvarpinu, er boðuð önnur lagasetning ýmiss konar í efnislegu samræmi við frumvarpið og því auðvitað fyrir fram slegið föstu, að hún nái fram að ganga í krafti agans í stuðningsflokki stjórnarinnar. Verður ekki hjá því komizt, þegar tekin er afstaða til frumvarpsins, að hafa líka í huga þessa lagasetningu, að því leyti sem um hann er vitað, svo og hið nýja frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 1960.

Mál þessi hafa verið mikið rædd undanfarna daga í neðri deild og einnig við 1. umræðu í efri deild. Hefur frumvarpið, ásamt framkomnum og boðuðum fylgifyrirkæmum, verið ýtarlega gagnrýnt af flokksbræðrum mínum í þeim umræðum. Fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd neðri deildar (SkG) skilaði um það rækilega rökstuddu nefndaráliti og sýndi glögglega fram á háskalega galla frumvarpsins og óheillavænlega heildarstefnu þess.

Ég skirskota hér með til þessarar sterku gagnrýni, sem fram hefur komið af hálfu Framsóknarflokksins, og tel, að ég þurfi á færra að minnast í nefndaráliti þessu sökum hennar og geti farið fljótar yfir sögu.

Þó skal á þetta minnzt:

1. Hin mikla gengisfelling, sem ákveðin er skv. 1. gr. frumvarpsins og lækkar skráð gengi ísl. krónu gagnvart erlendri mynt um 132.5%, nær engan veginn því marki, sem tilkynnt var að hún ætti að ná — og talið henni mest til gildis, það er: afnámi bóta- og styrkjakerfisins. Útflutningsuppbótum er lofað á landbún-aðarafurðir. Sá hluti kerfisins, sem kallaður er niðurgreiðslur, vex um 37.9 millj. kr. og verður því yfir 300 millj. kr. á árinu skv. áætlun ríkisstjórnarinnar. Allir vita, að á sumum vörum eru niðurgreiðslurnar orðnar svo miklar, að þær skekkja kerfið og valda misrétti.

Þrátt fyrir gengisbreytinguna halda að miklu leyti áfram þær álögur, sem áður voru á menn lagðar til þess að jafna skekkju gengisins, en þær eru hins vegar fluttar ásamt verkefnum útflutningssjóðs til ríkissjóðs, — máski í þeirri trú, að minna beri á þeim þar.

Gengisfellingin er því stórfellt ofanálag á gjaldabyrðar almennings.

2. Gengisfellingin hækkar verðlag erlendra vara í mjög stórum stíl.
Í athugasemdum við frumvarpið segir, að meðalhækkun innfluttra vara, sem reiknað er með í vísitölunni, muni verða „sennilega um 25%.“ En hvað er um hinar? Jafnaðarverð segir heldur ekki alla söguna.

Dæmi:

Bómullarefni misl., sem mikið er notað, er talið að hækki um 77.4%.

Gúmmistigvél um 78%.

Timbur um 47%.

Hjólbarðar um 44.5%.

Dráttarvélur um 49.8%.

Og svona mætti lengi telja.

Í athugasemdum við efnahagsmálafrumvarpið er gert ráð fyrir hækkun tryggingagjalds, sjúkrasamlagsgjalds, útvarpsgjalds og síðar meir húsaleigu.

Í fjárlagafrumvarpinu er talað um hækkun símnotagjalda, póstgjalda, dag-gjalda á sjúkrahúsum o. fl.

Allir vita, að farmgjöld munu hækka, og hvar skyldi nema staðar? Gert er ráð fyrir verðlagseftirliti. En þegar hækkunarspennan fer af stað, hefur ekkert eftirlit við henni.

Hyggi svo í veskið sitt hver, sem kaupa þarf.

3. Gert er ráð fyrir, að niður falli sérbætur á verði fisktegunda, sem veiðast hlutfallslega miklu meira austan-, norðan, og vestanlands en annars staðar. Veldur sú niðurfelling miklum tekjumissi við sjávarsíðuna í þessum landsfjórðungum og mun áreiðanlega leiða af sér aukið ójafnvægi í byggð landsins.

Brtt., sem framsóknarmenn fluttu í Nd. til lagfæringar á þessu, var felld af stjórnarliðinu. Ég mun nú freista þess að flytja þá tillögu í Ed.

4. Sparifjáreigendur verða öðrum fremur hart úti vegna gengisfellingarinnar, því þó að þeim sé heitið einhverri vaxtahækkun, þá segir hún ekkert upp í gengisfallið á sparifénu.
5. Boðuð er lækkun fjárhæða í útlánnum og stytting lánstíma. Fer ekki hjá því, að það dragi úr nauðsynlegri uppbyggingu og framförum og þar með atvinnulífi.
6. Boðuð er hækkun útlánsvaxta, — helzt er talað um 12% vixilvexti og aðra útlánsvaxtahækkun að sama skapi. Verður sú ráðstöfun rothögg á framtak margra og kemur almenningi í koll hjá atvinnurekendum, sem geta velt vöxtunum yfir á almenning.

Ófyrirsjáanlegt er, hvernig fjöldi fólks, sem byggt hefur yfir sig síðustu ár og tekið til þess vixillán eða önnur lán með lausum vöxtum, fer að standa straum af skuldum sínum eftir slíka vaxtahækkun. Var hægt að ætlast til, að þeir byggjust við þessu? Hvenær aðvöruðu núverandi stjórnarflokkar þá?

7. Vaxtahækkunin verður mörgum sparissjóðum stórkostlegt áfall og ef til vill sumum ofraun. Þeir hafa margir lánað meiri hluta umráðafjár síns með óhreyf-

anlegum vöxtum til margra ára, en verða, þegar vaxtahækkunin skellur yfir, að hækka vexti af innstæðum strax, og það leiðir af sér tap og halla fyrir þá. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið það tillit til þessara stofnana að láta athuga þetta,

Sparisjóðina má telja aflstöðvar atvinnulífsins í umhverfum sínum. Verði starfsemi sparisjóðanna lömuð eða eyðilögð með skyndilegri vaxtahækkun, þá hefir þar verið unnið skemmdarverk í þjóðfélaginu.

8. 32. gr. efnahagsmálafrumvarpsins er um það, að ríkisstjórninni skuli vera heimilt að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá eftirfarandi aðilum: fiskveiðasjóði, stofnlánadeild sjávarútvegsins, byggingarsjóði sveitabæja og ræktunarsjóði, byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), byggingarsjóði verkamanna, raforkusjóði.

Alþingi sjálft hefur ætíð ákveðið vaxtakjör og lánstíma þessara stofnana, sem eru máttarstoðir hver á sínu sviði. Nú vill ríkisstjórnin, að Alþingi afsali til hennar löggjafarvaldinu að þessu leyti.

Þetta er fjarstæða frá öllum hliðum séð. Hvað er hér í uppsiglingu? Hvað kemur svo næst þessarar tegundar? Hafa stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar umboð frá kjósendum sínum til að afsala til hennar þingræðinu?

9. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að hluti af fé innlánsdeilda samvinnufélaga verði fluttur til Reykjavíkur og lagður í banka þar. Þetta er gjörræði við landsbyggðina og blóðtaka. Samvinnufélögin eru efnahagsmálasamtök almennings og öllum opin til þátttöku. Féð, sem almenningur leggur í innlánsdeildirnar, er — ef rétt er á litið — lánsfé til allra, sem við félögin skipta. Samvinnufélögin njóta fjárens við rekstur sinn, sem er í almenningsþágu, og þau nota féð við þátttöku sína í uppbyggingu og sköpun atvinnuskilyrða á verzlunarsvæðinu. Því er haldið fram, að af því að spariféð í innlánsdeildunum sé skattfrjálst, þá sé réttmætt að taka af því til flutnings í bankann í Reykjavík. En það eru ónýt rök. Féð er þar ekki betur komið til þjóðþrifa, — öðru nær, af því að landsbyggðin má ekki við blóðtökunni.

10. Benzínskattur er hækkaður um 34 aura pr. lítra og 50 aurarnir pr. lítra, sem runnu í útflutningssjóð, teknir í ríkissjóð. Aðeins 6 aurar af þessum álögum renni í brúasjóð og millibygðavegasjóð.

Þetta er slæm ráðstöfun, af því að vega- og brúagerðir kalla ört að og þurfa meira til sín vegna þeirrar dýrtíðar, sem leiðir af efnahagsaðgerðunum.

Framsóknarmenn í Nd. fluttu þar brtt. við þetta, en hún var felld.

Tillagan fól í sér, að ráðstöfun benzínskattsins yrði þannig:

Til brúasjóðs (viðbót) 3 milljónir (6 aurar pr. lítra).

Til millibygðavegasjóðs (viðbót) 5.5 milljónir (11 aurar pr. lítra).

Til endurbyggingar gamalla þjóðvega (viðbót) 3.5 milljónir (7 aurar pr. lítra).

Til endurbyggingar gamalla brúa (viðbót) 1.5 milljónir (3 aurar pr. lítra).

Til steinsteypra þjóðvega 5 milljónir (10 aurar pr. lítra).

Ég flyt sömu breytingartillögu til að prófa, hvort ekki finnst meiri hluti í þessu réttlætismáli í Ed.

11. Söluskattur á umsetningu innanlands er hækkaður um 245 millj. kr. og af honum fari 20% til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. — Tekjuskattur er lækkaður um 75 millj. kr.

Fyrst vil ég segja það, að ég er því samþykkur, að sveitarfélögin fái hlutdeild í söluskatti hjá ríkinu. Þeim veitir ekki af því. Hins vegar er enn óvist, hve réttlátlega hlutdeildinni verður skipt milli sveitarfélaganna, en það er ekki til umræðu í þessu sambandi.

Um söluskattinn sem tekjuöflunaraðferð er það að segja, að reynsla er fyrir því, að hann heimtist illa til ríkisins, því þó að hann verði lagður á alla sölu, eins og lögin gera ráð fyrir, og kaupendur allir greiði hann, verða Hálfðanarheimtur á honum frá seljendum til ríkissjóðsins. Hann verður til að auka dýrtíð

hjá almenningi, en gróða hjá bragðvísnum seljendum, því að eftirlitið er svo torvelt.

Sagt er, að tekjuskattur verði felldur niður af almennum launatekjum og nemi sú niðurfelling samtals 75 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð.

Alþýðuflokkurinn harðist seinustu ár fyrir afnámi tekjuskatts og hafði fyrir aðalrök, að svo mikið væri svikið undan skatti hjá þeim gjaldendum, sem kæmu því við, að þessi skattheimta væri ranglát gagnvart hinum gjaldendum, sem ekki gætu dregið undan í framtölum eða vildu ekki leggja sig í það. Sjálfstæðisflokkurinn tók vel undir þetta.

Nú á að afnema skattinn á almennum launatekjum, einmitt hjá því fólki fyrst og fremst, sem tekjurnar komu allar til framtals hjá, en ekki hjá hinum, sem gefa sjálfir upp tekjur sínar.

Þegar á þetta er litið og það líka, að afnám tekjuskattsins mun vafalaust nema miklu minni upphæð hjá þeim, sem þess nýtur, en lækkunin verður hjá hátekjumanninum, — þá verður allt málið skrátið og ekki fyrir stjórnarflokkana að stæra sig af því við þá, sem eru minni máttar — og fá söluskattinn og alla dýrtíðina yfir sig eins og krapahrið úr öllum áttum.

12. Í athugasemdum við frumvarpið segir, að hækka eigi elli- og örorkulífeyri um 44%. Er það vel, en verst er hvað mikið er tekið til baka með dýrtíðaraukningunni.

Hækka á fjölskyldubætur og taka upp bætur með 1. og 2. barni, en nú eru þær frá og með 3. barni. Verða þær 2600.00 kr. með barni, hvort sem fátækur eða ríkur á í hlut. Á þetta að vera upp í dýrtíðarvöxtinn að einhverju leyti hjá þessu fólki, en sá galli er á, sem ekki er haft hátt um af stuðningsliði frumvarpsins og höfundum þess, að á 1. verðlagssvæði er hækkinin aðeins 269 kr. fyrir hvert barn, sem er fram yfir 3 börn.

Dýrtíðin leggst þó þyngst á barnmörg heimili að öðru jöfnu.

13. Í greinargerð frumvarpsins er mikið gert úr greiðsluhalla ríkisins við útlönd á síðustu árum. Til þess að gera hann sem mest áberandi í áróðrinum fyrir nauðsyn hinnar stórfelldu gengisfellingar og annarra harkalegra aðgerða um leið, þá eru talin til hættulegs greiðsluhalla lántökur til: Sogsvirkjunar, sementsverksmiðjunnar, skipa- og bátakaupa og hvers konar uppbyggingar. Stofnlán til þessara og þvilkra framkvæmda, sem tekin eru til langs tíma og ýmist gefa af sér útflutningsafurðir eða spara erlendan gjaldeyri árlega í nútíð og framtíð, er fráleitt að telja til hallalána í ríkisbúskapnum — og með því að gera það er villt sýn í þessum málum.

En dollarlánið, 760 millj. kr., sem ríkisstjórnin ætlar að taka í ár og hafa til þess að metta innflutningsverzlunina, er hún talar um „að gera frjálsta“, er líklegt til „að frjósa fast“ og verða hallalán.

Slík er raunsæin í sambandi við frumvarp þetta.

Hér læt ég lokið upptalningu athugasemdaratriða. Þau hef ég nefnt sem dæmi um galla frumvarpsins og einkenni. Á sérstöku þingskjali flyt ég nokkrar breytingartillögur til vara, ef aðaltillaga mín um frávisun frumvarpsins verður ekki samþykkt. Fyrir þeim tillögum mun ég gera grein í framsögu.

Sný mér nú að framvarpinu í heild og stefnu þess.

Á síðustu áratugum hafa orðið svo miklar breytingar til bóta á lífskjörum manna á Íslandi, að líkast er því, að þjóðin hafi fengið Aladinslampa í hendur. Sá töframáttur, sem hefur verið hér að verki, er félagshyggjan, — samtakamátturinn.

Allar aðalframfarir til almenningsheilla hafa risið á grundvelli félagshyggjunnar.

Það er félagshyggjan, — samstöðukrafturinn, — sem byggt hefur upp framsóknina og bætt almenningshaginn.

Félagshyggjan kom á fót samvinnufélögunum til hagsbóta og jafnréttis í verzlunar- og viðskiptamálum.

Félagshyggjan lét verkamennina stofna verkalýðsfélögin og Alþýðusambandið, og hún lét aðrar stéttir, svo sem bændur, sjómenn og iðnaðarmenn, samhæfa sig um sín velfarnaðarmál með félagssamtökum sínum.

Oft er félagshyggjan og hugarfar hennar, sem ber hag allra fyrir brjósti og vill koma öllum til þroska og gera alla bjargálna menn, kölluð vinstri stefna.

Í þeirri merkingu orðsins vinstri má fullyrða, að þróun og uppbygging hins íslenska þjóðfélags á síðustu áratugum hafi verið í vinstri stíl.

Og þegar af fullum skilningi er á þetta litið, — nægilega er grandskoðað, — þá liggur ljóst fyrir að þróun hins íslenska þjóðfélags er komin á það stig, að þjóðfélaginu verður ekki farsællega stjórnað nema með hugarfari félagshyggju og vinstri stefnu, þótt sú stefna verði vitanlega að vera öfgalaus.

Þessi stefna hefur verið Aladínslampinn í hendi þjóðarinnar. Hún hefur verið vorið, sem kallað hefur fram hjartsýni og allan hinn hagnýta, fjölbreytta gróður og lagt lið hverju litlu lautarblómi, sem langað hefur til að gróa, svo að notuð séu orð skálsins um hið góða vor.

Efnahagsmálatillögur ríkisstjórnarinnar eru aftur á móti í hægri stíl.

Þær eru sprotnar af allt annarri lífsskoðun.

Þær miða að því, að slá Aladínslampa félagshyggjunnar úr hendi þjóðarinnar.

Þær eru byggðar á lögmálum vetrarins, frostsins, sem takmarkar gróðurinn, „hreinsar úr vegi“ hið veikburða, eins og Einar Benediktsson segir um hollustu hafissins, en gefur þá um leið því, sem sterkara er, aukin tækifæri.

Þær eru fyrir gróður félagshyggjunnar eins og ís leggist að landi á vordögum.

Tillögurnar eru harkalegar afturhaldstillögur, sem nálgast í ýmsum greinum örþrífaráð, enda bornar uppi af hægri stefnu, sem lotið hefur í lægra haldi á velgengnis- og framfaraárum þjóðarinnar — og er í örþrífahug sín vegna. Þetta er ósjálfrátt. Ekki dróttu ég illvilja til þjóðarinnar að neinum.

Íslendingar eru svo fámenn þjóð, að líkja má þeim við eina fjölskyldu í samanburði við stórar þjóðir, þar getur svo auðveldlega hver náð til annars.

Þetta gerir það að verkum, að okkar litlu þjóð ætti að vera kleift að stjórna málum sínum af setningi og með samráði. Það á hún því að kappkosta.

Hún á ekki að byggja efnahagslíf sitt á hagfræði hinna kaldrænu, tillitslausu lögmála „hæfilegs atvinnuleysis“ og „hafta“ eða takmarkana, sem getuleysið stjórni.

En á þeirri hagfræði eru tillögur ríkisstjórnarinnar byggðar.

Vist er þörf á aðgát og umbótum í efnahagslífi þjóðar okkar. Því neitar enginn.

Þjóðin þarf að geta staðið í skilum við útlönd og haldið þar lánstrausti. Það er undirstöðuatríði, — af því að hún þarf óhjákvæmilega á erlendu lánsfé að halda til arðbærra stórframkvæmda í hinu kostaríka landi sínu.

En þá efnahagsferfiðleika, sem við er að fást á liðandi stundu, telur Framsóknarflokkurinn að hægt sé að leysa án þess að grípa til grófra aðgerða.

Hann telur, að þetta megi vel takast með því að draga nokkuð úr fjárfestingu, sem getur að skaðlitlu beðið um stund, og með því einnig að auka skattlagningu á eyðslu, sem ekki er nauðsynleg. Jafnhliða þessu og auðvitað fyrst og fremst verði lögð ýtrasta alúð við að auka framleiðslu og bæta hagnýtingu hennar.

Í áföngum getur svo þjóðin þokað sér út úr flækju bóta- og styrkjakerfisins, en öllum hlýtur að koma saman um, að stefna beri að því.

En þetta tekst ekki farsællega, nema unnið sé að því með viðtæku samstarfi. Og hvers vegna ætti ekki það samstarf að geta tekizt hjá okkar litlu þjóð, sem félagshyggjan hefur lyft til betri hags og tengt margvislegum bræðra- og sam-ábyrgðarböndum? Um þetta má sannarlega segja: „Vilji er allt, sem þarf“.

Mér sýnist svo mikið liggja við, að þjóðin fari rétt að í efnahagsaðgerðum sínum nú og þannig, að sem flestir geti við unað, að skylt sé að hefja þetta mál yfir flokkadrátt, eins og t. d. lýðveldisstofnunina og landhelgismálið.

Það á að álitu okkar framsóknarmanna að leitast við að mynda um málið

þjóðhollt samstarf með því að skipa nú þegar í stað nefnd frá öllum flokkum hér á Alþingi og setja henni fyrir að gera innan stutts tíma á þessu þingi tillögur um efnahagsaðgerðir, sem kalla að fyrir þetta ár, og ætla henni síðan að halda áfram störfum til að skila, áður en næsta Alþingi kemur saman, tillögum um heildarskipan efnahagsmálanna.

Framsóknarmenn í Nd. fluttu þar tillögu um þetta. Stjórnarstuðningsmenn þar felldu hana.

Ég legg sams konar tillögu fram hér. Mér þykir furðulegt, ef hún verður felld nú eftir alla þá gagnrýni, sem komið hefur dagvaxandi fram á efnahagsmálafrumvarpinu, ekki aðeins hér á Alþingi, heldur líka um land allt og að því er virðist hjá öllum stéttum.

Ríkisstjórnin hefur stuðning þingflokka, sem hlutu samtals aðeins rúman meiri hluta greiddra atkvæða hjá þjóðinni við síðustu kosningar. Sá meiri hluti er ekki fenginn út á þá efnahagsmálastefnu, sem ríkisstjórnin hefur nú tekið upp. Því fer fjarri. Það vita allir, sem lásu blöð flokkanna rétt fyrir kosningar og hlýddu á framboðsræður frambjóðenda flokkanna.

Ef ríkisstjórnin með svo veikan meiri hluta á bak við sig ræðst í það að lög-festa fram komnar tillögur sínar og hafnar samvinnu við hina fjölmennu stjórnarandstöðu um lausn efnahagsvandans, þá fer hún og þingmenn hennar sannarlega gálauslega með umboð sitt.

Ég legg til, að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri:

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin lítur svo á, að þjóðarnauðsyn sé, að unnið verði að skipan efnahagsmálanna með sem víðtækustu samstarfi, ályktar hún að beina því til ríkisstjórnarinnar að skipa nú þegar átta manna nefnd — tvo frá hverjum þingflokki eftir tilnefningu þeirra — og verði verkefni nefndarinnar:

1. Að gera tillögur og leggja þær fram á þessu þingi, innan þriggja vikna, um ráðstafanir, er miðist við að halda verðbólgunni í skefjum og atvinnulífinu í fullum gangi.
2. Að starfa milli þinga á þessu ári og hafa tilbúna fyrir næsta reglulegt Alþingi heildartillögur um skipan efnahagsmálanna.

Og með skírskotun til þess, er að framan segir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. febr. 1960.

Karl Kristjánsson.